

Fundargerð (32)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 27. apríl 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson og Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir, Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams laugardaginn 24. apríl.

- 1. Fundargerð 31. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Meðal annars gerð grein fyrir stöðu umræðu um lengd vakta hjá einstökum aðildarfélögum SFV, og skrefum sem ákveðin hafa verið í samstarfi aðila.
- 3. Vaktahvati og jöfnun vinnuskila.** Umræðu var frestað um viku þar sem ekki gafst tími til að undirbúa hana nægilega snemma.
- 4. Lykilmælikvarðar matshóps og áherslur.** Ákveðið að eiga umræðuna á næsta fundi þegar matshópnum hefur gefist færi á að skila umbeðnum gögnum. Fulltrúar í stýrihópnum beðnir að minna umbjóðendur sína á þátttöku í viðhorfskönnuninni sem stendur yfir en þátttaka er dræmari en vonir stóðu til.
- 5. Löggæsluembætti.** Innleiðing betri vinnutíma í vaktavinnu hjá embættum innan löggæslunnar rædd ítarlega á grunni fyrirbyggjandi minnisblaðs verkefnisstjórnar. Stýrihópurinn sammála um mikilvægi þess að undantekningalaust sé innleiðing kerfisbreytinganna í anda við forsendur, leiðarljós og markmið sem fram koma í fylgiskjali 2. Ákveðið að Aldís og Sonja fundi til að kortleggja hvernig best er að bregðast við í þessu máli og leiti til annarra fulltrúa í stýrihópnum um aðstoð ef þær meta það æskilegt.
- 6. Önnur mál**

- **Yfirvinna og vægi vinnuskyldustunda.** Málið rætt á grunni minnisblaðs verkefnisstjóra. Ákveðið að sameiginleg niðurstaða fulltrúa í stýrihópnum liggi fyrir áður en leiðbeiningar verða gefnar út.
- Maríanna ræddi hvort gefa ætti nýjan frest til að **hækka starfshlutfall.** Verkefnisstjóra falið að taka saman minnisblað sem getur orðið grunnur umræðu á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 15.45. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur verður þriðjudaginn 4. maí kl. 14.00-15.30